



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 10. september 2024, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Haraldur Pétursson, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Lárus Sindri Lárusson, Sigurbjörn Eiríksson, Hermann Vilmundarson

1. Fjármál félagsins

Búið að taka til í kortamálum, reikningur fyrir rekstrarstyrk til Kópavogsbæjar farinn og til stendur að senda reikninginn til Garðabæjar.

Lárus og Davíð ætla að hitta bókarann í vikunni og fara yfir bókhaldið og framkvæmd þess. Lárus búið að senda skattinum bréf með beiðni um að fá öll samskipti í tengslum við Fasteignafélagið og Rekstrarfélagið til að fá skýra mynd af stöðunni.

Ákveðið var að fara í tiltekt á félagatalinu. Farið yfir Metamótið, talsvert var af styrkjunum og ágætis skráning.

2. Taðkarabjónusta

Farið var um víðan völl í umræðunni um taðkarabjónustuna og skítamálin almennt.

Skítalosun er orðin vandamál hjá hestamannafélögum víðsvegar og á bara eftir að aukast, mögulega er þetta eitthvað sem LH ætti að taka fyrir. Tveir möguleikar í stöðunni fyrir Sprett, hætta þjónustunni eða halda áfram með talsvert hækkuðu gjaldi.

Katla og Hermann hitta Kristínu Njálisdóttur fyrir næsta fund og fara yfir stöðuna með henni.

3. Umsóknir um starf framkvæmdastjóra og næstu skref

Talsvert af umsóknum hafa borist, fyrstu viðtölin verða eftir hádegi á föstudaginn.

4. Fundur með bæjarstjóra

Hermann, Sigurbjörn og Jónína hittu bæjarstjórana. Eftir kynningu tók Hermann við og fór yfir söguna á uppbyggingu Sprettis. Farið yfir yngri flokka starfið, fjármálin, snjómoksturinn og fleira. Næsti fundur er fyrirhugaður eftir u.þ.b. mánuð. Almennt séð gekk fundurinn vel.

5. Landsþing

Væntanlegt landsþing rætt.

6. Félagsfundur

Rætt um fyrirhugaðan félagsfund

7. Sjálfaboðaliðar

Katla og Jónína eru að vinna að þessu máli, það þarf að skilgreina verkefni þeirra og finna mögulega kandidata og formenn nefnda, gott ef málin hafa skýrst eitthvað fyrir félagsfundinn.

8. Reiðhallarlyklar

Ýmsar athugasemdir hafa komið, flestar jákvæðar. Ákveðið var að bjóða upp á fjölskyldulykil sem seldur verður á 40 þús. Verður hann eingöngu í boði sem 12 mánaða lykill.

9. Deildirnar

Sigurbjörn er búinn að tala við Garðar Hólm, búið að hafa samband við öll liðin og hafa þau staðfest þátttöku.

Sigurbjörn og Katla taka þetta áfram.

10. Þriðja stöðugildið í Spretti

Lauslega rætt, ma. hvernig sjáum við fyrir okkur að fjármagna slíkt starf.

11. Veitingasala

Rætt um veitingasölu á hundasýningum, ákveðið að þar sem þetta er stór viðburður og því þarf að ráða starfsmann/verktaka til að sjá um þetta mál.

12. Önnur mál

Reiðmaðurinn: Sigurbjörn og Katla eru í samskiptum við umsjónaraðila Reiðmannsins. Verið að ræða nýtingu hallanna og verð.

Fundi slitið kl. 20:25

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson